

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni1505@gmail.com>

Sent: fimmtudagur, 19. nóvember 2020 18:09

To: Sigurður Haraldsson <SiggiH@hafnarfjordur.is>

Subject: Vegna bréfs til Umhverfis og skipulagssviðs Hafnarfjarðar þann 10.08.2020 frá íbúum Furuhlíðar við Kletthlíð.

Sæll Sigurður.

Enn höfum við íbúar Furuhlíðar sem búa næst Kletthlíð ekki fengið svör við erindum þeim sem við lögðum fyrir Umhverfis og Framkvæmdarráð Hafnarfjarðar með bréfi því sem við sendum þér og Umhverfis og Skipulagssviði Hafnarfjarðar þann 10.08.2020.

Skv. bréfi frá Önnu Maríu skrifstofustjóra dags. 30.10.2020 um afgreiðslu ráðsins við þessu fyrrnefnda bréfi kemur aðeins fram að hraðamælingar sýni að hraði umferðar í Kletthlíð sé að meðaltali undir hámarkshraða og að óskað sé eftir minni strætisvögnum.

Þetta þykir heldur undarleg afstaða þar sem það séu yfirleitt ökumenn sem aka yfir hámarkshraða sem valda mestri hættu og það er einmitt það sem við höfum verið að kvarta yfir.

Strætisvagnarnir virðast ekki hafa minnkað að stærð. Þeir fara hér upp og niður brekkuna stanslaust allan daginn tómir með tilheyrandi hávaða, mengun og ónæði.

Þar sem umferðin í gegnum þetta íbúðahverfi hefur aukist gífurlega undanfarið eftir nýjustu breytingu á Kletthlíð og tilkomu strætisvagna auk þess sem enn meiri umferðarpungi sé væntanlegur með tilkomu tengingar við Skarðshlíð viljum enn ítreka og óskum hér með í fjórða skiptið eftir svörum og stefnu Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarar um þessi umhverfis og öryggismál sem sem sett eru hér fram á enn auðskiljanlegri hátt:

1. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar varðandi aukna umferð í gegnum íbúðahverfið eftir Kletthlíð?

2. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar til þess að hindra of hraðan akstur um Kletthlíð sem veldur umferð um Furuhlíð stórlegri hættu?

3. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar til þess að gera gangbraut við göngustíg sem liggur þvert á Kletthlíð?

4. Hver er stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar varðandi stanslausan og tilgangslausan akstur tómbra strætisvagna fram og til baka um Kletthlíð?

5. Komið hefur fram að Umhverfis og Framkvæmdarráð skilgreini Kletthlíð sem safngötu.

Eftirfarandi er skilgreining Wikipedia á íbúðahverfi:

"Í nútímaskipulagi íbúðarhverfa eru þau oft afmörkuð þannig að þau tengjast aðalgötu með safngötu og er þar með ekki hægt að keyra í gegnum hverfin. Þetta er til þess að sporna við mikilli umferð og draga úr slyshættu."

Er það stefna Umhverfis og Framkvæmdarráðs að vinna gegn þessari skilgreiningu?

Við óskum eftir því að þessi 5 atriði verði tekin fyrir á fundi Umhverfis og Framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar hið fyrsta og þeim svarað skilmerkilega.

--

Virðingarfyllst,

f.h. íbúa og eigenda Furuhlíðar 4, 6, 7, 9, 11, 13, 15 og 17

Bjarni Guðmundsson

kt. 150555-4509

Furuhlíð 7, 201 Hfj.

s.8644387